

Reykjavík 11. nóvember 2014

Nefndasvið Alþingis,  
Velferðarnefnd

**Umsögn: Frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu – Þingskjal 295 – 257. mál.**

Eftirfarandi umsögn er send fyrir hönd stjórnar Stoð hf – stoðtækjasmíði. Stoð hf er tæplega 30 manna vinnustaður sem hefur um 30 ára skeið sérhæft sig í þjónustu við fatlað fólk, smíði og sölu stoðtækja, hjálpartækja og annarrar vöru og þjónustu sem stuðlar að virkni og þátttöku fólks í samfélaginu, fólks sem vegna fötlunar, veikinda eða öldrunar þarf á því að halda. Hjá fyrirtækinu starfa 6 stoðtækjafraeðingar, sjúkraskósmiður og annað sérhæft starfsfólk.

Almennt teljum við markmið og hlutverk sem sett eru fram í frumvarpinu jákvæð og verði tryggt með skipulagi, stjórn og mönnun að stofnunin viðhaldi þeirri fagmennsku og þjónustu sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sýnt, þá teljum við frumvarpið jákvætt.

Stoð gerir þó eina mjög alvarlega athugasemd við frumvarpið. Í grein 5 um Hjálpartæki segir orðrétt: „Miðstöðin skal annast mat á þörf fyrir hjálpartæki og aðrar tæknilausnir. Þá annast hún einnig innflutning, sölu og úthlutun hjálpartækja samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. ... o.s.frv.“ Við lifum á 21. öldinni og erum löngu búin að átta okkur á því að það er óheilbrigt að sami aðili meti þörf, úthluti, flytji inn og selji, eða eigum við kannski líka von á Lyfjamiðstöð Íslands sem verður „allt varðandi lyf“ o.s.frv. Að setja þetta í frumvarpið hlýtur að vera hugsunarleysi sem við förum fram á að verði leiðrétt í meðförum þingsins.

Í þessu samhengi má benda á að Stoð hefur um árabil gert athugasemdir við að Sjúkratryggingar Íslands skuli bæði úthluta hjálpartækjum og selja . Hjálpartækjamiðstöð Sí tekur við umsóknum, metur þær og úthlutar – en er um leið söluaðili á hjálpartækjum í samkeppni við Stoð og fleiri fyrirtæki. Stoð er ekki kunnugt um að aðrar þjóðir hafi þetta með þessum hætti.

Virðingarfyllst,  
f.h. Stoðar hf. – stoðtækjasmíði

Guðjón Guðmundsson, stjórnarformaður